

Fundargerð

94. stjórnarfundur FHA haldinn 24. jan. 2017 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson ritari, Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri og Þorbjörg Jónsdóttir. Auðbjörg Björnsdóttir og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundartími stjórnar FHA
Næsti fundur verður þri. 14. feb. kl. 12:00 í Austurborg.
2. Úthlutunarreglur Starfsþróunarsjóðs FHA (SFHA)
Drög að úthlutunarreglum lágu fyrir fundinum. Ákveðið var að þeir félagsmenn sem ekki eiga rétt í SFHA, á borð við þá sem eru í 49% starfshlutfalli, eigi áfram sama rétt og þeir hafa haft í Námssjóð FHA. Námssjóðurinn starfi áfram í þessum tilgangi. Þannig munu núverandi réttindi ekki skerðast hjá neinum.

Úthlutunarreglur voru samþykktar einróma.
3. Almennur félagsfundur 26. jan. nk.
Samþykkt að boða til almenns félagsfundar 26. Jan. nk. til þess að kynna SFHA fyrir félagsmönnum. Einnig aðra styrktarsjóði þar sem þeir eiga réttindi.
4. Fyrirspurn um styrk
Lögð var fram fyrirspurn um styrk úr Námssjóði FHA vegna ráðstefnuferða dags. jan. 2017. Erindinu er hafnað og vísað til réttinda í SFHA.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 12:45

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari